

Dags. 9. apríl 2010

Stjórnvaldssekt vegna brota á 1. og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði

Þann 23. febrúar 2010 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Íslandssjóði hf. vegna brota á 1. og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Íslandssjóðir hf. bundu, á tímabilinu maí til ágúst 2009, umfram 20% af heildareignum tveggja verðbréfasjóða og eins fjárfestingarsjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis. Þá átti annar verðbréfasjóðurinn jafnframt skuldabréf útgefið af sama fjármálafyrirtæki og fór því heildarfjárfesting sjóðsins í verðbréfum, peningamarkaðsskjölum, innlánnum og afleiðum umfram lögbundið 20% hámark.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að háttsemi Íslandssjóða hf. hefði farið í bága við 1. og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2003 og bæri að ljúka málinu með stjórnvaldssekt. Við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar var litið til alvarleika brotanna auk þess að ítrekaðar athugasemdir vegna hliðstæðra brota hafa áður verið sendar félaginu. Með hliðsjón af framangreindu þótti hæfilegt að gera Íslandssjóðum hf. að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 3.000.000.-